



Fimmta stoðin í menntakerfi sem styður við ævinám: Yfirlit um íslenskar rannsóknir og stefnuskjöl um málefnið

Hróbjartur Árnason

► Abstract ► Um höfund ► About the author ► Heimildir

Fullorðinsfræðsla hefur á undanförunum árum æ oftast verið nefnd sem fimmta stoð menntakerfisins. Það hefur gerst með áhrifum hugmynda um að menntun sé og verði æviverkefni allra. Þessi grein er skrifuð sem innlegg í umræðu um mótun nýrra laga um framhaldsfræðslu á vegum Félags- og vinnumarkaðsráðuneytisins. Hún lýsir niðurstöðum greiningar á rannsóknum á sviði fullorðinsfræðslu á Íslandi árin 1998–2023 og eru þær bornar saman við miðlæg stefnumótunarskjöl, íslensk og alþjóðleg. Um er að ræða um 20 rannsóknargreinar, um 60 meistaraverkefni og 10 stefnuskjöl. Greiningin sýnir að viðvarandi þrástef í íslenskum stefnuskjöllum á þessum tíma er hækkun menntunarstigs á Íslandi og þörf atvinnulífs fyrir betur menntað fólk. Þagað er um innflytjendur og aðra viðkvæma hópa. Rannsóknirnar lýsa þátttökumynstrum í námi fullorðinna og gefa bakgrunnsupplýsingar í tengslum við stefnu stjórnvalda að hækka menntunarstig í landinu. Meistararitgerðir draga fram jákvæð áhrif af verkfærum framhaldsfræðslunnar og ánægju þátttakenda með möguleika sem framhaldsfræðslan veitti en jafnframt að framhaldsfræðslukerfið nái ekki til allra sem ættu erindi. Greining á rannsóknum og samanburður við stefnuþlög og nýjan samfélagslegan veruleika benda til að næstu lög þurfi að horfa víðar, þróa hugmyndir um ævinám og móta leiðir til að styðja við menntun fullorðinna á víðari grundvelli en hingað til.

Efnisorð: fullorðinsfræðsla, framhaldsfræðsla, ævinám, ævimenntun, menntastefna, símenntun, endurmenntun

Inngangur

Með reglulegu millibili kemur að því að endurskoða lög og móta nýja stefnu. Þegar þessi orð eru skrifuð stendur fyrir dyrum vinna við endurskoðun laga um framhaldsfræðslu (nr. 27/2010). Þessi grein er innlegg í umræðuna í tengslum við nýja stefnumótun um menntun fullorðinna á Íslandi. Hún lýsir greiningu á niðurstöðum íslenskra rannsókna sem snerta nám og menntun fullorðinna undanfarin 20 ár og hvernig þær tengjast íslenskri og alþjóðlegri stefnumótun.

Spurningar þær sem reynt verður að svara í greininni eru:

- Hvaða þemu eru tekin fyrir í íslenskum rannsóknum tengdum námi fullorðinna og hvernig tengjast þær stefnumótun um menntun?
- Hvað leiða íslenskar rannsóknir í ljós um stöðu, hlutverk og árangur fullorðinsfræðslu á Íslandi?
- Hvaða ályktanir má draga af greiningu gagnanna, einkum í tengslum við hugmyndir um menntun sem mannréttindi, hugmyndafræðina um ævinám og orðræðu sem stillir námi og menntun fullorðinna upp sem fimmtu stoð íslenska menntakerfisins?

Í greininni er gefið yfirlit um helstu rannsóknir sem tengjast menntun fullorðinna á Íslandi frá 1998 til 2023. Um er að ræða svokallaða baksviðsrannsókn eða yfirlit um fyrri skrif (e. literature review). Greindar verða um 20 ritrýndar greinar sem varpa ljósi á nám og menntun fullorðinna, um 60 meistararitgerðir, nokkrar miðlægar ritstýrðar greinar og rannsóknarskýrslur tengdar efninu. Umræðan í þessum skjölum verður sett í samhengi við íslensk lög, stefnuskjöl og nýleg alþjóðleg stefnuskjöl, einkum frá UNESCO og OECD.

Baksvið

Knýjandi áskoranir

Langflestar skýrslur og greinar sem komið hafa út undanfarin ár, og fjalla um framtíð menntunar, hefjast á lýsingum á áskorunum sem mannkyn allt standi frammi fyrir (sbr. OECD, 2023; UNESCO, 2021). Áskoranirnar þykja allar stórar, áriðandi og tengjast innviðum samfélaga og kerfum, en einnig lífi og afkomu almennings. Áskoranir sem eru víða nefndar eru m.a.:

Samfélagslegar breytingar vegna örra tæknibreytinga.

- Vandí fólks sem hefur misst, er að missa eða mun missa vinnu sína vegna úreldingar starfa eða breytinga á þeim. Gervigreind, fjórða iðnbyltingin og stafræn þróun eru þrástef í umræðunni.
- Kröfur og væntingar um aukna inngildingu fólks með andlegar og líkamlegar áskoranir.
- Auknar kröfur um hæfni á vinnumarkaði. Æ fleiri fyrirtæki og stofnanir kvarta undan erfiðleikum við að fá hæft fólk til starfa.
- Stór hópur fólks með stutta formlega skólagöngu sem nær ekki að skapa sér öryggi á vinnumarkaði og samfélagið missir fyrir vikið af nauðsynlegri hæfni.
- Auknar öfgar í viðhorfum fólks, minni samstaða í samfélaginu, þátttaka fólks í þröngum hagsmunahópum sem sjá heiminn, lífið og tilveruna í öðru ljósi en nágrannar þess.
- Auknir fólksflutningar, fjölgun innflytjenda og flóttafólks sem glímur margt við takmarkaða tungumálakunnáttu, sumt við litla almenna menntun og flest við gengisfellingu félagsauðs, með minnkandi samfélagslegri samstöðu sem afleiðingu.
- Hamfarahlýnun og áhrif hennar á búsetu, atvinnuhætti og fleira.
- Pólítískur óstöðugleiki á alþjóðavettvangi.

Þetta er samantekt úr nokkrum slíkum listum (m.a. OECD, 2023; Stjórnarráð Íslands, e.d.; UNESCO, 2021). Mörg atriði á þessum lista hafa verið á slíkum listum lengi, enda er ljóst af lestri stefnuskjala um menntun í gegnum árin að þannig má setja á oddinn áskoranir sem flestir tengja við. Gjarnan er horft til þess að bætt, styrkt og útvíkkað menntakerfi eigi eftir að hjálpa viðkomandi samfélagi að takast á við umræddar áskoranir.

Hlutverk menntunar: „Nokkuð sem við gerum“, sjálfsögð réttindi eða lausn?

Það er vel þekkt að leiðtogar, stjórnálmenn og menntafólk líti á almenna menntun sem leið samfélaga til að bæta líf einstaklinga og samfélagsins í heild. Nægir þar að nefna Johann Amos Comenius (1592–1670), sem nýtti ævistarf sitt til að stuðla að aukinni menntun sem leið til að enda 30 ára stríðið og koma á allsherjarsfriði (Dent, 2021). Liðsmenn upplýsingarstefnunnar (á 18. öld) öfluðu og dreifðu nýrri þekkingu einmitt til að bæta samfélagið og breyta því. Áhrif Gary Becker (1962) og mannauðskeningar hans (e. human capital theory) á samfélagslega umræðu eru óumdeild og hefur hún haft veruleg áhrif á hugmyndir um tilgang og stefnu menntunar undanfarin 50–60 ár, enda komst hann að þeirri niðurstöðu í sínum rannsóknum að hækkað menntunarstig þjóðar hefði bein áhrif á hagvöxt þjóðríkja. Skýra samantekt á orðræðu í takt við framsetningu Beckers og greiningu á arðsemi menntunar á Íslandi má lesa í skýrslu Þórhalls Ásbjörnssonar og Jóns Bjarka Bentssonar um arðsemi menntunar (2004). Niðurstöður þeirrar greiningar sýna að nokkur arðsemi, bæði fyrir einstaklinga og samfélag, er við hverja hækkan menntastigs einstaklings. Lýsa þeir til

dæmis arðsemi þess að auka menntastig frá grunnskóla til framhaldsskóla og þaðan í háskólapróf. Þá vekur athygli að arðsemi af hækkanði menntunarstigi eykst á Íslandi, sérstaklega milli ára 1996 og 2003, og að þar muni mest um aukna arðsemi af háskólamenntun kvenna. Spyrja má hvort hlutfallslega fækkun karla í háskólanámi undanfarin ár megi rekja til þess að fjárhagslegur ávinningur karla af herra menntunarstigi sé minni en kvenna. Hugmyndir um slík efnahagsleg áhrif herra menntunarstigs hafa um skeið verið nokkuð ráðandi í umræðu stjórnvalda, vinnuveitenda og stéttarféлага. Samantekt Halldórs Grönvold (2016) um „þátttöku verkalýðshreyfingarinnar í starfsmenntun og fullorðinsfræðslu“ málur hér skýra mynd. Þar má sjá að samvinna verkalýðsféлага og vinnuveitenda hefur lengst af verið sérlega farsæl varðandi menntamál. Sömuleiðis er aðkoma ríkisins að stofnun og fjármögnun fræðslusjóða dæmi um áhugaverðar leiðir til að skapa innviði sem styðja við nám og menntun fólks á vinnumarkaði. Þessi dæmi eru vottur um tilgangshyggju í hugmyndum um menntun. En hún getur leitt til þess að áhersla í menntamálu verði fyrst og fremst á þjálfun sem lausn við tilteknum áskorunum og tilboð um menntun verði þannig tímabundin úrræði en ekki eðlilegur hluti af lífi fólks og samfélaga (sbr. Berglind Rós Magnúsdóttir og Helgi Þorbjörn Svavarsson, 2023).

Lengi vel var almenningsmenntun knúin áfram af hugmyndum um að aukin menntun gerði fólki kleift að ná sínum fulla mannlega þroska. Hún væri hluti af eðlilegu lífi mannsins. Ljóðskáldið Robert Bly setur þessa hugmynd fram á myndrænan hátt í bók sinni Iron John (2015, bls. xi) og segir að fuglar geymi í eðlisávisun heilans þá þekkingu sem þeir þurfi til að lifa af – fljúga, byggja hreiður, finna maka o.s.frv. – á meðan mannkyn, sem skynjaði hversu mikinn sveigjanleika það myndi þurfa til að lifa af í ólíkum og fjölbreyttum aðstæðum, hafi valið að vista utan líkamans þekkinguna um hvernig mannfólk lifir af og þrífst, eða í sögum sem fólk segir hvert öðru og afkvæmum sínum og eru túlkaðar á ný við hverjar nýjar aðstæður – það sé nám og menntun.

Guðmundur Finnbogason lýsti menntun þannig í bók sinni Lýðmenntun (1903): „Menntun“ er samstofna við „maður“, og að menntast ætti því að þýða að „verða að manni“, verða þannig að allar eigindir manneðlisins nái hæfilegum þroska.“ (bls. 9). Menntunin sem hann skrifar um snýst ekki eingöngu um einstaklinginn heldur tengist lífi hans í samfélagi manna:

Menntun hvers manns verður að metast eftir því hve hæfur hann er til að lifa og starfa í mannlegu félagi, lifa og starfa þannig að líf hans verði með hverjum degi meira virði fyrir sjálfan hann og aðra. (bls. 33)

Ólafur Páll Jónsson (2008) lýsir því hvernig þessar hugmyndir Guðmundar eru skyldar hugmyndum Dewey sem haft hafa gífurleg áhrif á alla menntaumræðu 20. aldarinnar. Svipaðar hugmyndir ber einnig fyrir augu um miðja öldina í yfirlýsingu þýsku fullorðinsfræðslusamtakanna frá 1960:

Menntaður, í skilningi fullorðinsfræðslunnar, verður sérhver sem leggur sig stöðugt fram um að skilja sjálfan sig, samfélagið og heiminn og að lifa í samræmi við þann skilning. (Faber, 1981)

Skilningur sem þessi átti stóran þátt í að móta skilning margra á menntun margar síðastliðnar aldir og ekki er fjarri lagi að þær fái eðlilegt framhald í mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna (Útanríkisráðuneytið, 2008) og síðari ritum þeirra um menntun (sbr. t.d. Faure o.fl., 1972) þar sem menntun er sett fram sem sjálfsgöð mannréttindi.

Undir lok 20. aldarinnar fer aftur á móti að gæta annarra hugmynda, einkum þegar snýr að fullorðinsfræðslunni. Hvatt er til aukinnar þjálfunar starfsfólks í fyrirtækjum og stofnunum til að stuðla að aukinni starfshæfni á vinnumarkaðnum. Tilgangsrök OECD ráða þar ríkjum; en þjálfun átti að auka hæfni fólks á vinnumarkaði og auka þannig samkeppnishæfni þjóða (Biesta, 2022).

Hugmyndir um að nám og menntun sé eðlilegt og nauðsynlegt athæfi fólks alla ævi, aðgengi að menntun sé réttur allra og að samfélaginu öllu beri að styðja við slíkt athæfi, hafa á síðustu árum aftur fengið byr undir báða vængi. Skilaboðin eru skýr í nýjustu höfuðstefnuskjölum UNESCO (m.a. UNESCO, 2021). Skýrasta dæmið um þessa þróun eru nýlegar breytingar í framsetningu

OECD, en hún er nú mun meira í takt við framsetningu UNESCO en áður. Þar fer meira fyrir hugmyndum um jafnan rétt allra til menntunar, áherslu á sjálfbærni og umhverfisvernd, nokkuð sem minna fór fyrir áður (Biesta, 2022; OECD, 2023; Valgerður S. Bjarnadóttir, 2022; Ydesen o.fl., 2022). Orðalag og hugmyndir í menntastefnu íslenskra stjórnvalda fyrir 2030 bera skýran keim af þessari nýju framsetningu OECD, enda kom starfsfólk samtakanna á virkan hátt að undirbúningi hennar.

Fimmta stoð íslenska menntakerfisins

Í grein sinni „Upphaf nútíma menntakerfis á Íslandi“ (1998) nefnir Jón Torfi Jónasson fyrst þrjár stoðir íslenska menntakerfisins; barnafræðslu, starfsfræðslu og bóknám, og síðan bætur hann fjórðu stoðinni við; háskólanámi. Hugmyndin um skólastig sem „stoðir menntakerfisins“ koma ekki víða fram, hvorki í fræðilegri né almennri umræðu um menntun á Íslandi, en á undanförunum árum birtist þessi hugmynd þó í nokkrum ritum. Hún kemur reyndar ekki fram við leit í íslenskum tímaritum um menntamál (ojs.hi.is) og aðeins eitt tilfelli finnst í Skemmunni (skemman.is) þar sem má finna flestar nýlegar lokaritgerðir og margar tímaritsgreinar. Hugtakið „stoð(ir) menntakerfisins“ kemur aftur á móti fyrir í 12 tímaritsgreinum á Tímarit.is en aðeins þrisvar í merkingunni sem hér er rædd. Leit með Google.is leiðir í ljós 74 skjöl á netinu þar sem fimmta stoð menntakerfisins er nefnd á einhvern hátt (sum gætu verið tvítalín), flest þeirra eru vistuð á vefjum fræðslumiðstöðva, stéttarféлага og stjórnvalda. Hugmyndin virðist fá byr undir báða vængi fyrst í úttektarskýrslu á framhaldsfræðslukerfinu (Mennta- og menningarmálaráðuneyti, 2014), en hjá viðmælendum úttektaraðila kemur fram það viðhorf að framhaldsfræðslukerfinu sé ætlað að vera fimmta stoð menntakerfisins. Þó er ljóst að skoðanir viðmælenda eru ólíkar um hvernig það geti gengið upp og að þörf sé fyrir sameiginlegan skilning á hugtakinu, skipulega kynningu menntastigsins og samkomulag um mat á námsárangri til þess að þessi myndræna framsetning gangi upp. Guðrún Ragnarsdóttir o.fl. (2015) taka umræðuna aðeins lengra: „Til þess að draga fram mikilvægi framhaldsfræðslunnar sem fimmtu stoðar menntakerfisins er þörf á sameiginlegum skilningi allra skólastiga á hugtökunum námskrá og námslýsing.“ (Guðrún Ragnarsdóttir o.fl., 2015, bls. 34). Í viðauka er myndræn framsetning af skólakerfi með fimm stoðum með tilvísun í lagalegan grunn fyrir hverja stoð.

Þessi framsetning er trúlega gagnleg og jafnvel nauðsynleg, einkum ef vilji er til að nútímahugmyndir um ævimenntun hafi áhrif á skipulag menntamála. Þannig væri augljóst að samfélagið axlaði ábyrgð á þessum hluta menntunar íbúa landsins en það kallar þá á skýrleika í markmiðum, tilboðum og samverkan stofnana alls menntakerfisins.

Ævimenntun og uppruni hugmyndarinnar

Comenius gaf okkur bekkjakerfið og lýsti sjö skólum lífsins í bók sinni *Pampædia – Al-uppeldisfræði; um það að kenna öllum allt á allan hátt* (Comenius, 1991). Skólarnir sjö spanna allt nám sem manneskja tekur sér fyrir hendur frá vöggu til grafar. Hugmyndir um að tími skóla og menntunar væri afmarkaður við æskuárin og svo kæmu fullorðinsárin þar sem fólk ynni úr menntun sinni það sem eftir væri ævinnar urðu hins vegar ríkjandi a.m.k. framan af 20. öldinni. Kallen (1996) bendir á, í yfirlitsgrein um þróun hugmynda um ævimenntun, að þær hafi komið upp á tímum þegar margir lýstu óánægju með menntakerfi sem hafði það hlutverk að undirbúa æskuna undir líf og störf en gerði það með miklum kostnaði og litlum árangri. Hugmyndir um ævimenntun (e. lifelong learning) voru þróaðar frá miðri öldinni hjá alþjóðasamtökum eins og UNESCO, OECD og síðan Evrópusambandinu, að kröfu aðildarlandanna, sem þróuðu hver sína útgáfu hugmyndarinnar. Þrátt fyrir að vera þróaðar sjálfstætt innan hverrar stofnunar fyrir sig telur Kallen (1996) það sæta furðu hversu innihaldslega líkar þær urðu. Grunnhugmyndin um ævinám var að breyttar aðstæður kölluðu á aðgengi fólks að skipulögðum námstilboðum alla ævi, tilboðum sem dekkuðu ólíkar þarfir og gæfu fólki leiðir til að mæta breytingum og þróun í samfélaginu, s.s. örum tæknibreytingum, kröfum um aukna eða nýja hæfni á vinnumarkaði en líka til að þróa menningu, innihald og merkingu daglegs lífs, lífshlaup og tómstundir. Jón Torfi Jónasson kallaði eftir því í erindi á norrænni ráðstefnu um menntun fullorðinna í Reykjavík (2013) að hugmyndafræði ævimenntunar yrði notuð sem kjarni

umræðunnar um menntun og menntakerfi. Ákall hans er enn meira aðkallandi nú á dögum en tillögur hugmyndafræðinnar voru í lok síðustu aldar. Sá veruleiki að fólk geti ekki séð fyrir hvar það muni lenda á vinnumarkaði á lífsleiðinni, enginn viti hvaða hæfni þurfi að þjálf til að þrífast í heimi sem breytist jafn hratt og raun ber vitni og að nám snúist ekki lengur um að móttaka lærdóm fyrri kynslóða heldur skapa nýja þekkingu og aðferðir sem nýtist í samtíma og jafnvel til framtíðar, krefst þess að samfélagið í heild axli ábyrgð á að möguleikar og næði til náms, þjálfunar og menntunar séu aðgengileg öllum alla ævi. Þetta hefur verið ákallið frá hugmyndafræðinni um ævinám frá upphafi, en margt bendir til þess, einmitt við lestur nýlegra stefnuskjala, bæði íslenskra og alþjóðlegra, að nú sé tími ævimenntunar kominn. Titill nýjustu höfuðskýrslu UNESCO ber þetta með sér: *Reimagining our futures together, a new social contract for education* (UNESCO, 2021). Boðskap skýrslunnar má skilja á þann veg að fjölskyldur, vinnustaðir og borgarlegt samfélag geti ekki lengur útvístað uppeldi, menntun og hæfnipróun einungis til skóla heldur þurfi allir að axla sína ábyrgð. Ríkisvaldið er þó eitt um það að geta skapað ramma til að styðja við alla þátttakendur samfélagsins sem vilja axla sína ábyrgð. Það gerist með lögum og reglum.

Skipulag menntunar þarf að lúta hugmyndinni um ævimenntun

Skýrslan *Símenntun, afl á nýrri öld* (Menntamálaráðuneytið, 1998) virðist hafa um sumt lagt línurnar, við upphaf aldarinnar, um nálgun stjórnvalda og íslensks samfélags til menntunar fullorðinna. Skýrslan notar hugtakið „símenntun“ um það sem nú er kallað „ævimenntun“. Greining á stefnuskjöllum, lögum og rannsóknum sýnir að lítið hefur þó farið fyrir miðlægum hugmyndum skýrslunnar um ævimenntun, sem ábyrgð allra og skýrt leiðandi hlutverk stjórnvalda þar um (sjá bls. 3). Höfundum er það mikið mál að frá upphafi skólagöngu sé börnum innrætt að lífið allt sé vettvangur náms og þess vegna skipti máli að stuðla að jákvæðri upplifun barna af námi. Skýrslan leggur áherslu á „skyldu stjórnvalda til að tryggja öllum tækifæri til góðs almenns grunnnáms“ (bls. 22), aðgengi að „góðri menntun á öllum skólastigum“ (bls. 24) og að skipulag menntamála taki mið af hugmyndinni um ævinám (bls. 23). Höfundar skýrslunnar gera sér grein fyrir niðurstöðum rannsókna á þátttöku (sjá nánar um þær rannsóknir hér á eftir), að fólk með meiri menntun taki frekar þátt í skipulögðu námi á fullorðinsárum og þeir draga þar af leiðandi þá röklegu ályktun að með því að efla almenna (grunn)menntun landsmanna (bls. 23) megi stuðla að eða leggja grunn að ævimenntunarsamfélagi – eða símenntunarsamfélagi (sbr. Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir, 2007).

Í skýrslunni má þannig lesa þann undirliggjandi skilning að ævimenntun eigi að vera hluti af menntakerfinu öllu þar sem fólk gefist kostur á að auka við menntun sína á fjölbreytilegan hátt alla lífsleiðina. Að baki hugmyndinni um ævinám, eins og hún birtist í skýrslunni, virðist sem sagt liggja almennt viðhorf til menntunar sem hluta af leið fólks í gegnum lífið. Skýrsluhöfundar sjá að forsenda þess að vera opinn fyrir því að læra og menntast í öllum aðstæðum og tímabilum lífsins sé góð grunnenntun. Í greininni „Er símenntunarsamfélag á Íslandi?“ (Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir, 2007) komast höfundar að því að svo sé fyrir suma en aðra ekki, að minnsta kosti hluta ævinnar. Á Íslandi, eins og í öðrum löndum, nýti þeir sem minnsta menntun hafa síst tækifæri til símenntunar. Það sé ekki fyrr en sumir í hópnum snúi aftur til að vinna upp óklárað nám og ljúki jafnvel námsgráðum á hærri stigum að þeir fari að taka virkan þátt í símenntun. Skýrsluhöfundar leggja áherslu á að ávallt þurfi að vera í boði leiðir fyrir fólk, sem einhverra hluta vegna lýkur ekki grunnmenntun, til að taka upp þráðinn síðar – ljúka því námi og halda áfram að eigin vild.

Skýrsluhöfundar *Símenntun, afl á nýrri öld* taka í sama streng og ýmsir samtímahöfundar, þ.á.m. OECD um að fræðslugeirinn þurfi frjálssar hendur til að þróast og mæta þörfum þátttakenda, að ríkisvaldið eigi ekki að hafa sterka aðkomu og að stór hluti ævimenntunar skuli vera þannig fjármagnaður að „þeir sem hennar njóta greiði fyrir hana“ (Menntamálaráðuneytið, 1998, bls. 3). Þessu fylgja einnig væntingar um að skapa frjálsum símenntunarmarkaði aðstæður til vaxtar.

Þessar hugmyndir eru arftakar fyrri rita um ævimenntun, sem lögðu litla áherslu á sterk kerfi til að halda utan um ævinám, en þau ríma við skrif sem mætti flokka undir markaðs- og tæknihyggju með

áherslu á frjálsan markað og þörf atvinnulífs fyrir aukna hæfni og þar með þjálfun, á kostnað áherslu á almenna menntun með einstaklinga og þarfir þeirra í brennipunkti.

Framsetning höfunda rita um ævimenntun á seinni hluta 20. aldar miðuðu þannig yfirleitt við frekar opið og óskipulagt „kerfi“ ævimenntunar, en eins og Guðrún Ragnarsdóttir og félagar (2015) segja um framhaldsfræðsluna sem „fimmtu stoð menntakerfisins“ er ljóst að eigi ævimenntun að geta orðið yfirskrift menntakerfisins þarf að vera til fjölbreytt form námstilboða fyrir fullorðna sem virka í takt við aðra hluta menntakerfisins þannig að mat á niðurstöðum náms frá einum hluta kerfisins finni sér eðlilegan stað innan þess og fólk finni skýrar og skiljanlegar leiðir milli hluta þess.

Íslenskar rannsóknir og tenging þeirra við stefnur

Rannsóknir á fullorðinsfræðslu á Íslandi má fyrst og fremst finna í skýrslum Jóns Torfa Jónassonar, Jóhönnu Rósu Arnardóttur og Andreu Dofradóttur frá upphafi aldarinnar, og í nokkrum ritrýndum greinum sem flestar tengjast þátttöku, menntastefnu og námi fullorðinna á háskólastigi. Um 60 meistara- og starfsfræðslu byggja á rannsóknnum höfunda þeirra á afmörkuðum þáttum framhaldsfræðslu, starfsþróunar og annarri fullorðinsfræðslu. Þær sem tengjast umræðunni hér eru skoðaðar nánar. Álíka fjöldi meistara- og starfsfræðslu sem fjalla um starfsþróun í fyrirtækjum og stofnunum var ekki rýndur í tengslum við ritun þessarar greinar.

Gildi menntunar eða ávinningur

Eitt fyrsta þemað sem kemur til umræðu úr þeim ritrýndu greinum um menntun fullorðinna sem fundust snýst um gildi menntunar í lífi fullorðinna (Jóhanna Rósa Arnardóttir og Jón Torfi Jónasson, 2004). Tvær skýrslur greina sérstaklega fjárhagslegan ávinning menntunar á Íslandi (Eyjólfur Sigurðsson, 2011; Þórhallur Ásbjörnsson og Jón Bjarki Bentsson, 2004). Viðmælendur í tengslum þessarar rannsóknir nefna gjarnan von um betri vinnu og hærri laun sem ástæðu fyrir að fara í nám á fullorðinsárum. Sömuleiðis er vonin um atvinnuöryggi og starfsheiti, eða stöðu í samfélaginu, áberandi. Að námi loknu kom í ljós að ávinningurinn var gjarnan annar en til stóð. Laun hækkðu ekki endilega, heldur fór það eftir því úr hvaða geira fólk flutti sig og í hvaða geira. Fólk með grunnskólamenntun í störfum tengdum fiskiðnaði lækkaði t.d. í launum er það fór til starfa í hinum opinbera geira eftir útskrift (Jóhanna Rósa Arnardóttir og Jón Torfi Jónasson, 2004). Úttekt á arðsemi menntunar (Þórhallur Ásbjörnsson og Jón Bjarki Bentsson, 2004) bendir til að bæði einstaklingar og samfélag hagnist á herra menntunarstigi íbúa. Athyglisvert er að það munar mest um framhaldsskólanám karla og háskólanám kvenna, bæði fyrir einstaklinga og samfélag. Niðurstöður Eyjólfssonar (2011) eru á svipaða lund. Framsetning hans á árlegum ráðstöfunartekjum eftir menntunarstigi sýnir greinilegan ábata við hvert menntunarstig, ábata sem eykst með hverju ári aukins náms. Margir viðmælendur Jóhönnu sögðu þó frá ýmsum ávinningi aukinnar menntunar sem var ekki fjárhagslegur heldur máttu þeir ávinninginn á öðrum skólum. Nýtt starf að loknu námi var t.d. metið sem betra starf, þar spiluðu inn þættir eins og atvinnuöryggi, vinnutími, vinnuaðstæður, aðbúnaður, starfstíll, áhrif og völd. Sumir viðmælendur Jóhönnu vitnuðu einnig um bætt áhrif menntunarinnar á einkalífið, nokkuð sem þeir hefðu ekki endilega reiknað með, né gefið sem ástæðu fyrir að fara í nám. Dæmi um jákvæð áhrif voru aukið sjálfsöryggi, aukið öryggi í samskiptum, fjölbreyttari áhugamál, meiri leikni í málefnum daglegs lífs og aukin víðsýni. Aukið sjálfsöryggi er þrástef í meistara- og starfsfræðslu þar sem höfundar tóku viðtöl við fólk sem fór aftur í nám eftir hlé (sjá m.a. Björk Erlendsdóttir, 2013; Halla Valgeirsdóttir, 2011). Engin af rannsóknunum sem voru greindar fjölluðu um aukna framleiðni eða aukna hæfni starfsfólks á vinnu- og markaði. Það er hins vegar viðvarandi þema í umræðu atvinnuveitenda og skýr ástæða fyrir fræðslustarfsemi innan margra fyrirtækja.

Þátttaka í skipulögðu námi

Þátttaka fullorðinna í skipulögðu námi er trúlega það viðfangsefni sem er mest rannsakað á sviði fullorðinsfræðslu, og það sama á við hér. Þessar rannsóknir leita svara við spurningum um hverjir taki

þátt, hverjir ekki og hvers vegna (ekki). Fyrst ber að nefna þrjár skýrslur sem Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir unnu undir titlinum *Símenntun á Íslandi* og voru unnar úr gögnum sem var safnað árið 1998 og komu út um aldamótin (1999, 2001b, 2001c). Þessar skýrslur tengdust 5 ára átaki stjórnvalda: „Verkefnisstjórn um símenntun“ (Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 2004).

Um aldamót sýndu tölur Hagstofunnar að um 40% fólks á vinnumarkaði höfðu ekki lokið framhaldsskólamenntun (vitnað í skv. Ásmundi Hilmarssyni, 2004). Þessar tölur mótuðu umræðu um menntun fullorðinna um þetta leyti og áttu þær sinn þátt í stofnun Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins (FA) og síðar stefnu ríkisstjórnarinnar um að árið 2020 væru „ekki fleiri en 10% fólks á vinnumarkaði [...] án viðurkenndrar starfs- eða framhaldsskólamenntunar“ (Forsætisráðuneytið, 2008). Staðan nú er að 21,2% fólks á vinnumarkaði hefur ekki lokið framhaldsskólánámi.

Síðar greindu Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir (2009) tölfræði úr vinnumarkaðsskönnun Hagstofu Íslands 2003, en það ár var send út sérstök „viðhengiskönnun“ til að afla nánari upplýsinga um ævimenntun. Samanburður á niðurstöðum úr skýrslunum og úr almennum töflum í kerfi Hagstofunnar (Hagstofa Íslands, e.d.) sýnir svipaðar niðurstöður milli ára. Það sama á við um samanburð við erlendar rannsóknir (sbr. Hróbjartur Árnason og Halla Valgeirsdóttir, 2015; Hróbjartur Árnason o.fl., 2010; Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir, 2007). Jón Torfi og Andrea færa fyrir því rök að í ljósi þessa megi heimfæra niðurstöður nágrannaþjóða okkar upp á íslenskar aðstæður: Fólki með stutta formlega menntun sækir síður í skipulagt nám á fullorðinsárum en þeir sem hafa lengri menntun að baki, sömuleiðis fólki með minni fjárráð og eldra fólki (sjá t.d. Jón Torfi Jónasson, 2004; Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir, 2009; Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir, 1999, 2001c, 2004).

Þrjár ritrýndar greinar taka fyrir svipaðar spurningar, allar byggðar rannsóknum í tengslum við meistaraverkefni (Elín Sif Welding Hákonardóttir o.fl., 2017; Hróbjartur Árnason o.fl., 2010; Hróbjartur Árnason og Halla Valgeirsdóttir, 2015). Niðurstöður þeirra benda einnig til að fólki með styttri skólagöngu að baki sækir mun síður í skipulagt nám á fullorðinsárum en fólki með lengri skólagöngu. Hindranir eða fyrirbærir sem koma í veg fyrir eða minnka líkur á að fólki taki þátt í skipulögðu námi eru eitt þrástefið sem kemur fram, bæði í ritrýndu greinunum og sérstaklega í meistaraverkefnunum sem voru greind. Skýringar sem Patricia Cross (1981) setti fram snemma á 9. áratug síðustu aldar hafa mótað umræðuna um hindranir, en hún lýsti hindrunum sem fólki mætir við að ákveða að hefja nám á fullorðinsárum og flokkaði þær í þrjá flokka; aðstæðubundnar, stofnanalegar og viðhorfsbundnar hindranir (Cross, 1981). Gagnlegt getur verið að átta sig á hindrunum á vegi fólks til mennta, einkum þeim sem eru samfélagslegar eða kerfislægar. Skipulag, lög, reglur og fjármagn geta haft áhrif til að lækka eða hækka slíka þröskulda á meðan verkfæri eins og náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat geta haft áhrif á viðhorfsbundnar hindranir en einnig til að leiðbeina fólki í kring um kerfislægar hindranir. Elín Sif og félagar (2017) lýsa vel stofnanalegum og aðstæðubundnum hindrunum sem ungt fullorðið fólki mætir þegar það vill snúa aftur í nám og ljúka framhaldsskólánámi. Þar veða aðgengi, upplýsingamiðlun og fjárhagslegar hindranir þyngst. Meistaraverkefni Guðrúnar Þorbjargar Björnsdóttur (2014) sýnir andhverfu þessa: Nemendur sem sneru aftur í nám eftir hlé og nýttu til þess þjónustu á símenntunarstöð/þekkingarsetri í heimabyggð sögðu það hafa skipt sköpum að hafa haft aðgang að náminu og námsaðstöðu í heimabyggð og að hafa fengið upplýsingar, ráðgjöf og stuðning frá fólki sem vann saman að því að mæta ólíkum þörfum fullorðinna námsmanna. Af þessu má álykta að sú þjónusta og stuðningur sem viðmælendur Elínar óskuðu eftir er til og virkar, en er trúlega ekki til alls staðar, og fólki þarf að vita af þjónustunni til að geta nýtt sér hana.

Önnur hindrun sem kemur gjarnan fram í greiningum á viðtölum við fólki sem sneri aftur í nám, eða tekur ekki þátt, er aðgengi að námi. Gjarnan birtist það þannig að viðmælendum þykir viðeigandi nám ekki vera í boði í nærumhverfi sínu. Þess vegna hefur umræða um framböð fjarkennslu gjarnan snúist um jafnræði til náms. Í ljósi þessa voru nokkrar ritrýndar greinar sem vissulega byggja á rannsóknum á háskólánámi í dreifbýli teknar með í þessa greiningu þar sem þær þykja tengjast umræðu um fjarkennslu innan framhaldsfræðslunnar, sjá nánar umræðuna hér á eftir um nám í

dreifbýli – fjarnám. Símenntunarmiðstöðvar á landsbyggðinni hafa svarað þörf fyrir námstilboð í nærumhverfi með því að reka fjölda útibúa í nærliggjandi byggðarlögum þó þær tryggi ekki öllum viðeigandi námstilboð.

Af ofangreindu má álykta að ýmsir samfélagslegir og kerfislægir þættir í samfélagi og menntakerfi geti hindrað eða hvatt fólk til þátttöku í námi, en hindranakenningin hefur samt sem áður verið gagnrýnd fyrir að hún skýri aðeins hluta af fyrirbærinu „þátttaka í skipulögðu námi á fullorðinsárum“ (sbr. Crowther, 2000). Stutt yfirlit um þessa umræðu má finna í greinum Hróbjarts og félaga (2010, 2015). Boeren (2010) bendir aftur á móti á að fyrirætlan (e. intention) hafi skýr áhrif á þátttöku: Margir sjái ekki fyrir sér að taka aftur þátt í því sem fram fer í skólasamhengi. Fjöldi annarra rannsókna á þátttöku undanfarin ár (góð dæmi eru Manninen, 2010; Paldanius, 2002) sýna að margir fullorðnir sjá það ekki sem athæfi fullorðins fólks að „setjast á skólabekk“ – fullorðnir framleiði og skapi og þeir læri í vinnunni. Svipaðir hlutir koma í ljós í mörgum viðtalsrannsóknum og birtast í íslenskum meistaraverkefnum um þátttöku fullorðinna í námi: Viðmælendur sem annaðhvort eru þátttakendur í framhaldsfræðslu eða taka ekki þátt upplifðu margir niðurlægingu, einelti og tap í gegnum skólagöngu sína og höfðu ekki hug á að leita aftur í slíkt umhverfi (sbr. t.d. Björk Erlendsdóttir, 2013; Halla Valgeirsdóttir, 2011). Niðurstöður þessara rannsókna sýna líka að þeir, sem einhverra hluta vegna leita þrátt fyrir neikvæða reynslu aftur í nám, kunna að meta að vera í „fullorðins“ samhengi þar sem þeir njóta virðingar og sveigjanleika. Því er full ástæða til að skoða nánar að höfða til þessa hóps með námstilboðum sem fara fram t.d. á vinnustöðum, í öðru formi en hefðbundnu skólaformi, með blönduðum markmiðum, hagnýtum og akademískum o.s.frv. Hér er kallað eftir nýsköpun í námstilboðum til þess hóps sem samfélagið hefur reynt mikið að ná til um árabíl. Brottfall úr framhaldsskólum hefur um skeið verið allt að 30% og viðmælendur rannsakenda sem skoða framhaldsfræðsluferfið vitna gjarnan um slæma reynslu úr skólakerfinu. Það hlýtur að liggja fyrir að bæði framhaldsskólar og framhaldsfræðslan þurfi að bjóða upp á nám og námsumhverfi þar sem fólk sem nýtur sín ekki í skólaumhverfi þrífst og fær tækifæri til að ná markmiðum sínum og nýta þær námsleiðir sem það velur.

Nám í dreifbýli – fjarnám

Eins og fram hefur komið lentu sex ritrýndar greinar í úrtakinu sem fjalla um nám í dreifbýli og fjarkennslu (Anna Guðrún Edvardsdóttir, 2013, 2021; Anna Guðrún Edvardsdóttir og Allyson Macdonald, 2011; Þóroddur Bjarnason, 2018; Þóroddur Bjarnason og Brynhildur Þórarinsdóttir, 2018; Þóroddur Bjarnason og Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2017)2011; Þoroddu Bjarnason og Brynhildur Þorarinisdottir, 2018; Þoroddu Bjarnason og Ingi Runar Edvardsson, 2017; \u00u222{\u00u243}roddur Bjarnason, 2018. Rannsóknargögnin fengust úr viðtölum og tölulegum gögnum sem tengjast háskólanámi á landsbyggðinni á Íslandi og Skotlandi. Þær rötuðu í þetta úrtak vegna skyldleika við málefni símenntunarmiðstöðva sem bjóða upp á nám á landsbyggðinni, eru með margar staðbundnar starfstöðvar sem vinna náið með þekkingarsetrum og öðrum menntastofnunum og bjóða upp á fjarnám.

Ein hlið umræðunnar um jafnan aðgang allra að gæðanámi er spurningin um aðgengi að skipulagðri fræðslu óháð búsetu. Aðgengi að námi óháð búsetu er þannig oft sett fram sem jafnréttismál og snýr þá að þeirri hugmynd að búseta eigi ekki að takmarka möguleika fólks á að menntast. Aðgengi að viðeigandi námi er einnig byggðamál. Þóroddur Bjarnason og félagar hafa sýnt fram á að aðgengi að námi á heimaslóðum, hvort sem það er við menntastofnanir í heimabyggð eða nám sem er stundað í gegnum fjarnám, eykur líkur á að útskrifaðir (háskóla)nemar dvelji áfram í heimabyggð, meðan þeir sem flytja að heiman til að stunda nám flytja síður heim aftur (Þóroddur Bjarnason, 2018; Þóroddur Bjarnason og Brynhildur Þórarinsdóttir, 2018; Þóroddur Bjarnason og Ingi Rúnar Eðvarðsson, 2017)an urban emphasis in teacher education, few local students becoming teachers and a lack of teacher mobility. This study maps the mobility of recently graduated teachers in urban, exurban, micropolitan and other rural areas of Iceland. The graduation rate of teachers was found to be higher in rural than urban areas, yet rural teachers are less likely to remain after graduation. Relatively few rural teachers return from on-campus studies in the either the capital area or the

northern regional centre. Rural distance students are however almost equally likely as urban on-campus students to stay in their home areas after graduation, and they are the majority of teachers in rural areas. From a policy perspective, distance education appears more effective than regional campuses in increasing the supply of qualified teachers in rural and remote areas.”,“container-title”:“Sociologia Ruralis”,“DOI”:“10.1111/soru.12185”,“ISSN”:“1467-9523”,“issue”:“4”,“language”:“en”,“license”:“© 2018 The Authors. Sociologia Ruralis © 2018 European Society for Rural Sociology.”,“note”:“_eprint: <https://onlinelibrary.wiley.com/doi/pdf/10.1111/soru.12185>”,“page”:“786-804”,“source”:“Wiley Online Library”,“title”:“The Effects of Regional and Distance Education on the Supply of Qualified Teachers in Rural Iceland”,“URL”:“<https://onlinelibrary.wiley.com/doi/abs/10.1111/soru.12185>”,“volume”:“58”,“author”:“{“literal”:“Thoroddur Bjarnason”}, {“literal”:“Brynhildur Thorarinsdóttir”}”,“accessed”:“{“date-parts”:“[[“2023”,6,15]]”,“issued”:“{“date-parts”:“[[“2018”]]”}”,“id”:“5113”,“uris”:“http://zotero.org/users/334036/items/P7B4WRTV”}”,“itemData”:“{“id”:“5113”,“type”:“article-journal”}”,“abstract”:“Low levels of education have serious social, economic and cultural ramifications in rural areas. In many countries, regional universities have explicitly been built to educate the local population, create professional jobs and stimulate innovation. More recently, distance education has been developed to provide university education in rural regions and diminish brain drain towards urban centres. In this study, the pathways of Icelandic university graduates are traced from place of origin to residence five years after graduation. An overwhelming majority of local students at the national University of Iceland (UI.

Í einni meistararitgerð var þjónusta þekkingarseturs, símenntunarmiðstöðvar og framhaldsskóla á landsbyggðinni könnuð, með því að taka viðtöl við fólk sem hafði nýtt sér þjónustu nokkurra stofnana sem vinna náið saman að menntun, fræðslu og nýsköpunarmálum á Höfn í Hornafirði (Guðrún Þorbjörg Björnsdóttir, 2014). Af niðurstöðum hennar að dæma er ljóst að samþætt þjónusta fjölbreyttra stofnana og fagfólks getur greitt leið fólks sem snýr aftur í nám eftir fjarveru. Greinilegt er að margir í þessari stöðu þurfa skýran og viðvarandi stuðning. Það kemur heim og saman við reynsluna af náms- og starfsráðgjöf eins og fram kemur hér á eftir.

Verkfæri framhaldsfræðslunnar

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins hefur frá stofnun sinni skapað og þróað verkfæri til þess að ná markmiðum sínum og síðar markmiðum laga um framhaldsfræðslu. Helstu verkfærin eru: Námskrár vottaðar af Menntamálastofnun, sem lýsa námskeiðum sem fræðsluáðilar geta haldið og fengið fjármögnuð að hluta í gegnum Fræðslusjóð. Námsráðgjöf á vinnustað, verkefni þar sem náms- og starfsráðgjafar heimsækja vinnustaði og eiga frumkvæði að ráðgjafarviðtölum við starfsfólk. Raunfærnimat, skipulagt ferli sem býður fólki með starfsreynslu að fá hæfni sína í tilteknu starfi metna á móti samsvarandi námi til styttingar náms og að lokum hæfnigreiningar, þar sem sérfræðingar vinna með rýnihópum úr röðum fólks sem tengist tilteknu starfi náið, greina með því og lýsa þeirri hæfni sem fólk þarf til að geta stundað tiltekið starf. Tvö þessara verkfæra hafa verið rannsökuð nokkuð og niðurstöðum lýst í nokkrum meistaraverkefnum; náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.

Náms- og starfsráðgjöf

Við símenntunarmiðstöðvar landsins starfa náms- og starfsráðgjafar. Fljótlega eftir að FA tók til starfa 2003 hrinti stofnunin af stað verkefninu „Námsráðgjöf á vinnustað“. Greinar í Gátt og upplýsingar úr viðtölum sem komu fram í nokkrum meistararitgerðanna (m.a. Guðrún Þorbjörg Björnsdóttir, 2014; Halla Valgeirsdóttir, 2011) benda til að þetta verkefni hafi verið sérlega vel heppnað. Fordómar og misskilningur ollu því m.a. að oft hvarflaði ekki að fólki að hjá náms- og starfsráðgjöfum væri eitthvað gott að sækja, en frumkvæði þeirra í heimsóknum á vinnustaði opnaði leiðir að mörgum gagnlegum samtölum. Þetta verkefni var í gangi fram að hrúni (2008). Eftir hrúnið samdi Vinnuálastofnun við símenntunarmiðstöðvarnar um að taka að sér náms- og starfsráðgjöf fyrir stofnunina. Þá hættu heimsóknir náms- og starfsráðgjafanna – a.m.k. að miklu leyti. Trúlega

var þetta ein af árangursríkustu leiðunum til að ná í nýja nemendur í framhaldsfræðsluna. 19 af 60 meistararitgerðunum sem voru skoðaðar eru eftir nemendur í námi í náms- og starfsráðgjöf. Flestar fást þær við þátttöku í skipulögðu námi en þó er þáttur námsráðgjafarinnar alltaf sterkur og kemur skýrt fram í þeim öllum hversu mikilvæg ráðgjöfin reynist nemendum framhaldsfræðslunnar. Ritgerð Guðrúnar Jónu Magnúsdóttur (2012) um samvinnu nokkurra stofnana á Höfn sem tengjast fullorðinsfræðslu sýnir glögg hversu góð áhrif það getur haft fyrir fólk sem er að hefja nám eftir hlé að fá jákvæðan stuðning stofnana og starfsfólks þess. Hið gagnstæða kemur reyndar fram í ritgerð Elínar Sifjar Welding Hákonardóttur og féлага (2017). Ungt fullorðið fólk sem leitar aftur í framhaldsskóla upplifir synjun og áhugaleysi sem hindrun til að hefja aftur nám á fullorðinsárum. Verkfæri sem hafa reynst jafn vel og „Námsráðgjöf á vinnustað“ þarf að halda áfram að fjármagna og nauðsynlegt er að finna leiðir til að þau detti ekki út af dagskrá símenntunarmiðstöðva, jafnvel þegar krísur ríða yfir.

Raunfærnimat

Alls 9 af þeim 60 meistararitgerðum sem skoðaðar voru fjalla um raunfærnimat, eitt þekktasta verkfærið í verkfærakistu FA. Frá árinu 2007 hafa 7315 einstaklingar fengið hæfni sem þau öfluðu sér í atvinnulífinu metna til eininga og styttingar náms (Hildur Betty Kristjánsdóttir, 2023). Mörg þeirra sem hafa fengið hæfni sína metna til styttingar náms hafa síðan lokið sínu framhaldsskólánámi. Sólveig Indriðadóttir segir í sinni meistararitgerð að af þeim 1251 sem fór í raunfærnimat á árunum 2007–2013, innrituðust 793 (63%) í nám í kjölfarið og 389 útskrifuðust, það er 31% þeirra sem fóru í raunfærnimat og 49% þeirra sem innrituðust í nám í kjölfar raunfærnimats (Sólveig Indriðadóttir, 2017)¹.

Núorðið þykir raunfærnimat nauðsynlegt verkfæri fyrir allt menntakerfið. Það sést meðal annars á tilmælum Evrópuráðsins um að öll Evrópuríki innleiði raunfærnimat á öllum skólastigum fyrir árið 2018 (Council of the European Union, 2012) og á skuldbindingum meðlima samevrópska háskólasvæðisins (e. European Higher Education Area (EHEA)) í Yerevan-yfirlýsingu samtakanna um að fjarlægja beri hindranir til raunfærnimats, bæði til aðgangs að háskólánámi og styttingar námstíma (EHEA, 2015). Raunfærnimat til styttingar háskólanáms hefur verið í umræðunni innan háskólasamfélagsins á Íslandi síðan 2016 (Ína Dögg Eypórsdóttir o.fl., 2017) en aðeins ein námsleið hefur komið af stað raunfærnimati við íslenskan háskóla; leikskólakennaranám við Háskóla Íslands (Anna Magnea Hreinsdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir, 2022).

Raunfærnimat er nauðsynlegt og sjálfsagt verkfæri í öllu menntakerfinu, einkum þeim hluta sem sinnir fullorðnu fólki, sem hefur mjög ólíka og fjölbretta reynslu og menntun úr atvinnulífinu. Ef fram heldur sem horfir munu æ fleiri þurfa að skipta um störf og jafnvel starfsvettvang á ævinni. Stundum mun fólk þurfa á umskólun að halda og þá er gott að geta fengið áunna hæfni metna til að stytta nám við umskólun. Raunfærnimat væri þá líka viðurkenning á reynslu og menntun sem fólk hefur orðið sér úti um í gegnum líf sitt og störf (Gunnar E. Finnbogason, 2009). Raunfærnimat er þannig greinilega nauðsynlegt verkfæri í verkfærakistu símenntunarþjóðfélags, eða samfélags sem hefur ævimenntun að grunnhugmyndafræði menntakerfisins (sbr. Jón Torfi Jónasson, 2013; Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir, 2007).

Ævimenntun sem verkefni alls samfélagsins

„Það þarf þorp til að ala upp barn“ – (trúlega upprunalega afrískt orðatiltæki)

Skólahyggja hefur á undanförunum árum leitt til hugmynda um að skólakerfið eigi að bera ábyrgð á öllu uppeldi og menntun. Veruleikinn sem kemur fram í rannsóknum sem snúa til dæmis að brottfalli úr framhaldsskólum og slæmum minningum sem margir hafa úr skólakerfinu sýnir þó ljóslega að skólakerfið getur ekki eitt borið ábyrgð á menntun allra samfélagsþegna. Vissulega hefur skilningur og umburðarlyndi gagnvart fjölbreytileika einstaklinga aukist verulega undanfarin ár.

¹ Upplýsingar um innritanir í framhaldsskóla og útskriftir koma ekki inn í tölfræði Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins, sem heldur utan um framkvæmd raunfærnimats á landinu, þar sem þær eru skráðar í INNU upplýsingakerfi framhaldsskólanna og FA hefur ekki aðgang að upplýsingum framhaldsskólanna. Það þýðir að viðvarandi mat á gagnsemi verkfærisins er takmörkunum háð.

Samt sem áður er ekki fjarri lagi að í íslensku samfélagi horfi fólk mjög mikið til menntakerfisins til þess að mennta borgarana. Ef fleiri aðilar samfélagsins myndu axla ábyrgð á menntun eru ákveðnar líkur á að árangurinn yrði meiri. Margar fjölskyldur finna skemmtilegar og uppbyggilegar leiðir til að stuðla að almennri menntun barna sinna. Æskulýðsstarf alls konar hefur sýnt sig geta haft mikil menntandi áhrif á ungt fólk, bæði börnin sem taka þátt og þau sem axla ung ábyrgð sem leiðtogar. Með skýrum væntingum og stuðningi mætti margfalda slík áhrif. Það hefur sýnt sig að vinnustaðir sem axla ábyrgð á að mennta sitt starfsfólk styrkja stöðu sína á markaði og gera starfsfólki sínu mikinn greiða. Fræðsla, markþjálfun og skynsamlegar kröfur geta kostað lítið en gefið mikið í aðra hönd fyrir fyrirtækið, starfsfólkið og samfélagið. Þekkt eru dæmi af stórfyrirtækjum eins og Starbucks sem byggja starfsemi sína á góðri þjónustu, og mennta starfsfólk sitt markvisst í persónulegri hæfni með þeim afleiðingum að fólk af brotnum heimilum blómstrar hjá þeim og fer jafnvel í háskólanám í boði fyrirtækisins. Afleiðingar fyrir fyrirtækið eru trúfastari starfsmenn, ánægðari viðskiptavinir og meiri hagnaður (Duhigg, 2012).

Samantekt og umræða

Frá aldamótum hefur umræða um nám fullorðinna á Íslandi mótast af orðræðu sem tengist menntastigi landsmanna og þörf atvinnulífsins fyrir hæft starfsfólk (Kristín Þórarinsdóttir, 2017). Stjórnvöld gerðu það að markmiði sínu að fækka verulega þeim fjölda fólks sem er á vinnumarkaði og hefur ekki lokið starfsmenntun eða framhaldsskólanámi. Það hefur tekist að hluta, hlutfall þeirra er um 21% nú en ekki 40% eins og í upphafi aldarinnar, en markmiðið um að aðeins 10% fólks á vinnumarkaði væri ekki með námslok á framhaldsskólastigi árið 2020 náðist ekki. Með lögum um framhaldsfræðslu (nr. 27/2010) voru mest allir þeir fjármunir sem áður voru settir í fullorðinsfræðslu í gegnum ólík ráðuneyti settir undir einn hatt, hjá Menntamálaráðuneytinu, og áherslan í fullorðinsfræðslu sem samneyslan fjármagnaði sett á „framhaldsfræðslu“ eða fræðslustarfsemi sem takmarkaðist við afmarkaðan hóp í samfélaginu: „Einstaklinga með stutta skólagöngu að baki“ (lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010). Greining á rannsóknum á ýmsum þáttum framhaldsfræðslunnar undanfarin 20 ár sýnir að þátttaka fullorðinna í skipulögðu námi á Íslandi lýtur sömu lögmálum og þátttaka í nágrannalöndunum. Þrátt fyrir fjölda úrræða og annarra tilrauna í gegnum árin breytast þátttökumynstrin lítið. Þeir sem minnsta menntun hafa taka síst þátt í námi á fullorðinsárum og þeir sem mesta menntun hafa taka helst þátt. Það eru þannig engin ný sannindi að árangursríkustu leiðirnar til að hækka menntunarstig þjóðarinnar virðast liggja í að leggja góðan grunn. Þetta er nokkuð sem kom þegar fram í skýrslunni Símenntun, afl á nýrri öld (Menntamálaráðuneytið, 1998)“note”:"Citation Key: Menntamálaráðu neytið1998","page":51","publisher":Menntamálaráðuneytið","publisher-place":Reykjavík,"title":S ímenntun: afl á nýrri öld Álit nefndar um símenntun","author":[{"literal":Menntamálaráðuneytið}],issued":{"date-parts":["1998"]}},"schema":https://github.com/citation-style-language/schema/raw/master/csl-citation.json} .

Síðan stefnan var sett um aldamótin hefur ýmislegt breyst og áskoranir samfélagsins eru aðrar. Þær eru um margt líkari því sem gerist annars staðar í heiminum. Því er líklegt að alþjóðlegar stefnur í málefnum sem snerta menntun fullorðinna fái meiri hljómgrunn á Íslandi núna. Miðlæg stefnuskjöl frá UNESCO og OECD kalla á að nútíma samfélög reikni með ævimenntun sem meginstefti í menntamálum almennt, þannig að frá upphafi reikni einstaklingar og samfélag með því að nám sé æviverk og að allir reikni með að þurfa að auka hæfni sína, breyta um stefnu og jafnvel læra til nýrra starfa nokkrum sinnum á ævinni. Því þurfi samfélagið að búa þannig um hnútana í menntamálum að allir hafi aðgang að gæðanámi alla ævi, að á ólíkum tímum á ævinni þurfi fólki að bjóðast fjölbreyttir möguleikar til þess að annaðhvort bæta við sig hæfni til að geta mætt breytingum í núverandi starfi, skipt um starfsvettvang eða tekið þátt í námstilboðum sem styðja við aukinn þroska í tengslum við fjölskyldu og einkalíf. Þá kalla áskoranir eins og fjölgun innflytjenda á náms- og menntunartilboð sem gera nýjum Íslendingum kleift að skapa sér ásættanlega stöðu í samfélaginu, sem virkir og viðurkenndir þátttakendur. Slíkar breytingar kalla á stefnu í menntun fullorðinna sem einkennist af almennum mannmiðlægum hugmyndum um menntun. Kalla þarf allt samfélagið til ábyrgðar á menntun og finna leiðir þar sem ramar og reglur skapa möguleika sem kosta ekki endilega mikil fjárútlát úr samneyslunni.

A fifth column in an education system that supports Lifelong learning: An overview of Icelandic research and policy on adult education

In recent years, adult education has increasingly been cited as the fifth pillar of the Icelandic education system. This has happened under the influence of the ideology of lifelong learning, or that education is and will be everyone's lifelong project that it is society's role to support citizens to pursue meaningful learning projects at all ages and the strengthening of a vibrant national net of adult education providers. However, in Iceland, adult education is only supported by laws, regulations and financial backing for a relatively narrow target group of adults. This fact led to the government's decision to draft a new bill on adult education. This article is written as input into the discussion around drafting such a new law on adult education (is. Framhaldsfræðsla) under the auspices of the Ministry of Social Affairs and Labour. It describes the results of an analysis of prior research into adult education in Iceland from 1998 to 2023. It compares these results with Icelandic policy documents and some writings from international organisations on the future of education. The article depicts the results of an analysis of the c. 20 peer-reviewed research papers on adult education in Iceland from this period, about 60 master's theses and ten relevant policy papers. The articles were analysed using discourse analysis. It shows that a persistent theme in Icelandic policy documents during this period is the will of governments to raise educational attainment in Iceland and to answer the labour market's need for skilled workers. Around 2003, about 40 % of adults had not completed upper secondary education. Here, Iceland scored lower than the average in the OECD and much lower than its neighbours. Since then, the government has set the goal that only 10 % of the adult population should have a lower educational attainment than upper secondary education. Through various actions and offerings from 2003 and regulated by law from 2010, the educational attainment of Icelandic adults has risen. The largest portion of the state's support for adult education has been dedicated to raising the education of this target group. Today, 21 % of adults have not completed upper secondary education. Interestingly, the documents analysed are silent about other possible target groups in need of education in adulthood, such as immigrants or other vulnerable groups and their learning needs. A substantial portion of the research describes participation patterns in adult education and provides background information concerning government policies to raise educational attainment in the country. Several of the master's theses highlight the positive impact of the tools implemented by adult education centres and participants' satisfaction with the possibilities provided. However, the adult education system does not reach all of its stated target groups. This article's analysis of policy papers and current thought on the future of education, especially given new societal realities, suggests that the next Icelandic law on the education of adults needs to look more broadly at adult learning offerings, develop new ideas for lifelong learning and devise ways to support adult's learning endeavours more broadly.

Um höfund

Hróbjartur Árnason (hrobjartur@hi.is) er lektor í kennslufræði fullorðinna við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann hefur leitt kjörsvið um nám fullorðinna frá upphafi þess árið 2003. Hróbjartur er guðfræðingur frá HÍ, en eftir rannsóknarstörf í Ísrael og Þýskalandi sneri hann sér að kennslufræði fullorðinna sem hann nam við háskólann í Bamberg, Þýskalandi. Hann hefur unnið við fullorðinsfræðslu síðan 1995, bæði í Þýskalandi, á Norðurlöndunum og á Íslandi, meðal annars í menntakerfi rafíðnaðarmanna og haldið námskeið um kennslu fullorðinna og notkun upplýsingatækni við kennslu fyrir fjölmörg fyrirtæki og stofnanir bæði á Íslandi og erlendis. Helstu sérfræði- og rannsóknarsvið hans eru nám fullorðinna, tæknistutt nám, skapandi og lýðræðislegar nálganir í allri vinnu með minni og stærri hópum ásamt alls konar matsverkefnum á ýmsum sviðum fullorðinsfræðslu. Í mörg ár leiddi hann

og tók þátt í norrænu neti og fjölda norrænna verkefna um notkun upplýsingatækni í fullorðinsfræðslu. Hróbjartur hefur komið að kennslumálum við Menntavísindasvið og háskólann, meðal annars í gegnum kennslunefnd, kennslumálanefnd háskólaráðs, ritun stefnu Menntavísindasviðs í kennslu og skýrslu um þróun fjarnámsins. Hróbjartur er kennsluþróunarstjóri Menntavísindasviðs.

About the author

Hróbjartur Árnason (hrobjartur@hi.is) is an Assistant Professor for Adult and Continuing Education in the School of Education at the University of Iceland. His research and practical projects include the use of ICT in adult education, democratic and creative learning methods, teacher training, education for senior citizens and evaluation of adult education projects locally and for development cooperation. Hróbjartur has extensive experience educating and training adult educators in nonformal settings and as part of the master's program on adult learning and human resources development, which he leads at the School of Education. His current research interests are in theories of adult learning and their connection to research and theories of creativity. Hróbjartur is currently the Director of Academic Development at the School of Education.

Heimildir

- Anna Guðrún Edvardsdóttir. (2013). Place and space for women in a rural area in Iceland. *Education in the North*, 20(special issue), 73–89. <https://www.abdn.ac.uk/education/research/eitn/journal/99>
- Anna Guðrún Edvardsdóttir. (2021). Staðbundin áhrif og hlutverk þekkingarsetra í nýsköpun og atvinnuþróun byggða. *Netla – Vefítímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2021/rynd/03.pdf>
- Anna Guðrún Edvardsdóttir og Allyson Macdonald. (2011). *Higher education, rural development and social sustainability* [fyrirlestur]. EDEN annual conference learning and sustainability: The new ecosystem of innovation, Dublin.
- Anna Magnea Hreinsdóttir og Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir. (2022). Fyrirkomulag og upplifun nemenda af matsamtali í raunfærnimati í leikskólakennarafræði við Háskóla Íslands. *Netla – Vefítímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2022/alm/14.pdf>
- Ásmundur Hilmarsson. (2004). Um markhópa Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins. *Gátt, ársrit um fullorðinsfræðslu og starfsmenntun*, 88–96. <https://gatt.frae.is/wp-content/uploads/2022/10/GATT2004.pdf>
- Becker, G. S. (1962). Investment in human capital: A theoretical analysis. *The Journal of Political Economy*, 70(5), 9–49. <https://www.jstor.org/stable/1829103>
- Berglind Rós Magnúsdóttir og Helgi Þorbjörn Svavarsson. (2023). Menntun eða úrræði? Stefnumótun íslenska ríkisins um fullorðinsfræðslu. *Sérrit Netlu – Menntakvika 2023*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2023.20>
- Biesta, G. (2022). Reclaiming a future that has not yet been: The Faure report, UNESCO's humanism and the need for the emancipation of education. *International Review of Education*, 68(5), 655–672. <https://doi.org/10.1007/s11159-021-09921-x>
- Björk Erlendsdóttir. (2013). „Ég fór inn um einar dyr og allt í einu stóðu 100 dyr opnar“: *Reynsla nemenda af Háskólabrú* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/14932>
- Bly, R. (2015). *Iron John: A book about men*. Hachette UK.
- Boeren, E. (2010). Participation in adult education: Attitudes and barriers. *US-China Education Review*, 1, 369–382. <https://files.eric.ed.gov/fulltext/ED524898.pdf>
- Comenius, J. A. (1991). *Pampaedia: Allerziehung*. Academia Verlag Richarz.
- Council of the European Union. (2012). *Council recommendation of 20 December 2012 on the validation of non-formal and informal learning – 2012/C 398/01, C 398/01*. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/TXT/?uri=celex%3A32012H1222%2801%29>
- Cross, K. P. (1981). *Adults as learners: Increasing participation and facilitating learning*. Jossey-Bass.

- Crowther, J. (2000). Participation in adult and community education: A discourse of diminishing returns. *International Journal of Lifelong Education*, 19(6), 479–492. <https://doi.org/10.1080/02601370050209023>
- Dent, R. A. (2021). John Amos Comenius: Inciting the millennium through educational reform. *Religions*, 12(11), 1012. <https://doi.org/10.3390/rel12111012>
- Duhigg, C. (2012). *The power of habit: Why we do what we do in life and business*. Random House.
- EHEA. (2015). *Ministerial conference Yerevan*. <https://eha.info/page-ministerial-conference-yerevan-2015>
- Elín Sif Welding Hákonardóttir, Sif Einaradóttir, Arnheiður Gígja Guðmundsdóttir og Gestur Guðmundsson. (2017). Aðgengi fullorðinna að námi á framhaldsskólastigi: Stofnana- og aðstæðubundnar hindranir á menntavegi. *Tímarit um uppeldi og menntun*, 26(1-2), 65–86. <https://doi.org/10.24270/tuuom.2017.26.4>
- Eyjólfur Sigurðsson. (2011). *Ævitekjur og arðsemi menntunar*. Bandalag háskólanna.
- Faber, W. (ritstjóri). (1981). *Person oder Organisation? Grundtexte zur Erwachsenenbildung*. Patmos Verlag.
- Faure, E., Herrera, F., Kaddoura, A.-R., Lopes, H., Petrovsky, A. V., Rahnama, M. og Ward, F. C. (1972). *Learning to be: The world of education today and tomorrow* (2. útgáfa). UNESCO. <https://unesdoc.unesco.org/ark:/48223/pf0000001801>
- Forsætisráðuneytið. (2008, 17. febrúar). *Yfirlýsing ríkisstjórnarinnar 17. febrúar 2008*. <https://www.stjornarradid.is/efst-a-baugi/frettir/stok-frett/2008/02/17/Yfirlýsing-rikisstjornarinnar-17.-februar-2008/>
- Guðmundur Finnbogason. (1903). *Ljðmentun*. Kolbeinn Árnason og Ásgeir Pétursson [kostnaðarmenn]. <http://baekur.is/bok/000146955/Lydmentun>
- Guðrún Jóna Magnúsdóttir. (2012). „Þetta var fyrsta og stærsta skrefið“: *Þróun náms- og starfsferils fullorðinna sem hefja nám að nýju* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/12875>
- Guðrún Ragnarsdóttir, Erla Björg Guðmundsdóttir, Guðrún Eyjólfsdóttir, Halldór Grönvold, Karl Rúnar Þórsson, Óli Halldórsson og Svanhildur Kr. Sverrisdóttir. (2015). *Skýrsla verkefnahóps um fullorðins- og framhaldsfræðslu*. Mennta- og menningamálaráðuneytið. <https://www.stjornarradid.is/gogn/rit-og-skysrslur/stakt-rit/2015/10/06/Skyrsla-verkefnahops-um-fullordins-og-framhaldsfraedslu/>
- Guðrún Þorbjörg Björnsdóttir. (2014). *Aftur í nám: Viðhorf fullorðinna námsmanna til náms hjá þekkingarsetrinu Nýheimum á Höfn í Hornafirði* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/17451>
- Gunnar E. Finnbogason. (2009). Að gera hæfni sýnilega: Mat á raunfærni. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/arsrit-2009/>
- Hagstofa Íslands. (e.d.). *Símenntun*. Sótt 1. október 2023 af <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/menntun/simenntun>
- Halla Valgeirsdóttir. (2011). „Það verður einhver galdur“: *Þátttaka í fullorðinsfræðslu* [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/7723>
- Halldór Grönvold. (2016). *Þátttaka verkalyðshreyfingarinnar í starfsmenntun og fullorðinsfræðslu*. Alþýðusamband Íslands. <https://www.asi.is/media/312749/thatttaka-verkalydshreyfingarinnar-i-starfsmenntun-og-fullordins-fraedslu.pdf>
- Hildur Betty Kristjánsdóttir. (2023, 29. september). „Ég er í sama starfi en það er viðurkenningin“: *Mikilvægi raunfærnimats fyrir manneskjuna og kerfi* [fyrirlestur]. Menntakvika 2023, Reykjavík.
- Hróbjartur Árnason, Halla Valgeirsdóttir og Svava Guðrún Sigurðardóttir. (2010). Hvers vegna koma þau ekki? Þátttaka fólks með stutta formlega skólagöngu. *Gátt, ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins*, 6–19. https://gatt.frae.is/wp-content/uploads/2022/03/Gatt_2010_web_006-019.pdf
- Hróbjartur Árnason og Halla Valgeirsdóttir. (2015). Why do people with little formal education not participate in lifelong learning activities? The views of adult educators. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2015/ryn/009.pdf>
- Ína Dögg Eyþórsdóttir, Hróbjartur Árnason og Fjóla María Lárusdóttir. (2017). *Raunfærnimat á háskólastigi: Niðurstöður vinnuhóps um raunfærnimat á háskólastigi*. Háskóli Íslands. https://www.enicnarc.is/uploads/3/8/6/2/38621227/raunfaernimat_a_haskolastigi_skyrsla.pdf
- Jóhanna Rósa Arnardóttir og Jón Torfi Jónasson. (2004). Gildi menntunar í lífi fullorðins fólks. *Tímarit um menntarannsóknir*, 1, 129–143. <http://hdl.handle.net/1946/14341>
- Jón Torfi Jónasson. (1998). Upphaf nútímamenntakerfis á Ísland. Í Guðmundur J. Guðmundsson & Eiríkur K. Björnsson (Ritstj.), *Íslenska Söguþingið 28-31 maí 1997 Ráðstefnurit II*.

- Jón Torfi Jónasson. (2004). Fullorðinsfræðsla og starfsmenntun á Íslandi: Staða og þróun starfsfræðslu og símenntunar. *Gátt, ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins*, 12–22. <https://frae.is/wp-content/uploads/2022/01/GATT2004.pdf>
- Jón Torfi Jónasson. (2013). *Why LLL should be moved to the central stage of the system of education* [fyrirlestur]. 5th Nordic conference on adult education, Reykjavík. <https://www.slideserve.com/nadda/why-lll-should-be-moved-to-the-central-stage-of-the-system-of-education-j-n-torfi-j-nasson>
- Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir. (2007). Er símenntunarbjóðfélag á Íslandi? *Gátt, ársrit Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins*, 17–22. https://gatt.frae.is/wp-content/uploads/2022/10/Gatt_2007_web_17-22.pdf
- Jón Torfi Jónasson og Andrea Gerður Dofradóttir. (2009). *Þátttaka í fræðslu á Íslandi: Niðurstöður úr vinnumarkaðsrannsókn Hagstofunnar 2003*. Rannsóknarstofa um menntakerfi; Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. https://fel.hi.is/sites/fel.hi.is/files/2020-08/thatttaka_i_fraedslu_a_islandi.pdf
- Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (1999). *Símenntun á Íslandi: Yfirlit yfir nám fólks á aldrinum 18–75 ára og athugun byggð á námskeiðasókn vorið 1998*. Símenntun á Íslandi; Skýrsla I. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2001a). *Fræðsla fullorðinna á Íslandi: Skipulag, rannsóknir og hugmyndir: Yfirlit. Símenntun á Íslandi: Skýrsla I*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2001b). *Símenntun í atvinnulífinu: Athugun á þátttöku fólks á aldrinum 18–75 ára í starfsnámi utan skólakerfisins og afstaða stjórnenda og starfsfólks til slíks náms. Símenntun á Íslandi: Skýrsla III*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2001c). *Símenntun í ljósi fyrri skólagöngu: Með sérstakri umfjöllun um þá sem sækja ekki námskeið. Símenntun á Íslandi: Skýrsla II*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Jón Torfi Jónasson og Jóhanna Rósa Arnardóttir. (2004). *Símenntun á Íslandi: Skýrsla verkefnisstjórnar um símenntun*. https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/simenntun_2004.pdf
- Kallen, D. (1996). Lifelong learning in retrospect. *Vocational Training: European Journal*, 8-9, 16–22. https://www.cedefop.europa.eu/files/etv/Upload/Information_resources/Bookshop/130/8-9_en_kallen.pdf
- Kristín Þórarinsdóttir. (2017). *Fullorðinsfræðsla á Íslandi: „Orð eru til alls fyrst“* [meistaraverkefni, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/29215>
- Lög um framhaldsfræðslu nr. 27/2010. <http://www.althingi.is/altext/stjt/2010.027.html>
- Manninen, J. (2010). *Learning motivation of lower qualified workers in Europe* [fyrirlestur]. ESREA 6th European research conference, Linköping.
- Menntamálaráðuneytið. (1998). *Álit nefndar um símenntun: Símenntun, afl á nýrri öld*. <https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/simennt.pdf>
- Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (2014). *Úttekt á framhaldsfræðslukerfinu 2009–2013*. https://www.stjornarradid.is/media/menntamalaraduneyti-media/media/ritogskyrslur/utt_framhaldsfr_2009_2013.pdf
- OECD. (2023). *Building the future of education*. <https://web-archiv.oe.cd.org/2022-11-30/618066-future-of-education-brochure.pdf>
- Ólafur Páll Jónsson. (2008). Lýðræði, menntun og þátttaka. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/arsrit-2008/>
- Paldanius, S. (2002). *Ointressets rationalitet: Om svårigheter att rekrytera arbetslösa till vuxenstudier* [doktorsritgerð, háskólinn í Linköping]. <http://urn.kb.se/resolve?urn=urn:nbn:se:liu:diva-32599>
- Sólveig Indriðadóttir. (2017). *Svo lengi lærir sem lifir: Athugun á því hversu margir ljúka formlegri prófgráðu eftir raunfærnimat* [meistaraverkefni, Háskóli Íslands]. Skemman. <http://hdl.handle.net/1946/26607>
- Stjórnnarráð Íslands. (e.d.). *Menntastefna til ársins 2030*. <https://www.stjornarradid.is/verkefni/menntamal/menntastefna/>
- UNESCO. (2021). *Reimagining our futures together: A new social contract for education*. <https://unesdoc.unesco.org/ark:/48223/pf0000379707>
- Utanríkisráðuneytið. (2008). *Mannréttindayfirlýsing Sameinuðu þjóðanna* (íslensk þýðing, frumútgáfa 1948). https://www.stjornarradid.is/media/velferdarraduneyti-media/media/JafnrettiNu/Mannrettinda_ICEHR.pdf

Fimmta stoðin í menntakerfi sem styður við ævinám:
Yfirlit um íslenskar rannsóknir og stefnuskjöl um málefnið

- Valgerður S. Bjarnadóttir. (2022). Tilgangur og framtíð menntunar í ljósi stefnumörkunar OECD og UNESCO til 2030. *Sérrit Netlu 2022 – Framtíð og tilgangur menntunar*. <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2022.83>
- Ydesen, C., Kauko, J. og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2022). The OECD and the field of knowledge brokers in Danish, Finnish, and Icelandic education policy. Í B. Karseth, K. Sivesind og G. Steiner-Khamsi (ritstjórar), *Evidence and expertise in Nordic education policy: A comparative network analysis* (bls. 321–348). Springer. https://doi.org/10.1007/978-3-030-91959-7_11
- Þórhallur Ásbjörnsson og Jón Bjarki Bentsson. (2004). *Arðsemi menntunar á Íslandi*. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. <http://hdl.handle.net/10802/6283>
- Þóroddur Bjarnason. (2018). Staðsetning háskóla og menntabil í háskólamenntun. *Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun*. <https://netla.hi.is/greinar/2018/ryn/01.pdf>
- Þóroddur Bjarnason og Brynhildur Þórarinsdóttir. (2018). The effects of regional and distance education on the supply of qualified teachers in rural Iceland. *Sociologia Ruralis*, 58(4), 786–804. <https://doi.org/10.1111/soru.12185>
- Þóroddur Bjarnason og Ingi Rúnar Eðvarðsson. (2017). University pathways of urban and rural migration in Iceland. *Journal of Rural Studies*, 54, 244–254. <https://doi.org/10.1016/j.jrurstud.2017.07.001>



Hróbjartur Árnason. (2023).

Fimmta stoðin í menntakerfi sem styður við ævinám: Yfirlit um íslenskar rannsóknir og stefnuskjöl um málefnið.

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun: Sérrit 2023 – Menntavika 2023.

Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2023/menntavika_2023/07.pdf

DOI: <https://doi.org/10.24270/serritnetla.2023.17>